

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um um breytingar á 17. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 457. mál, barnalífeyrir.

Í tilefni þessa frumvarps vilja Landssamtök lífeyrissjóða taka fram eftirfarandi:

Bótaákvæði 14. – 17. gr.laga nr. 129/1997 eru lágmarksákvæði og geta lífeyrissjóðir því veitt betri réttindi eftir því sem fjárhagsgrundvöllur þeirra leyfa. Kemur þetta glögglega fram í mismunandi bótaákvæðum í samþykktum sjóðanna.

Við samningu frumvarps til ofangreindra laga var í meginráttum litið til samkomulags Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 12. desember 1995. Virðist eðlilegt að löggjafinn hafi hliðsjón af sjónarmiðum aðila vinnumarkaðarins við lagasetningu um þau lágmarksréttindi, sem launþegum skuli tryggð með aðild að lífeyrissjóðum.

Í umræddu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins komu fram það sjónarmið, að réttur til lífeyris vegna örorku sjóðfélaga skyldi miðast við aðstæður sjóðfélagans á þeim tíma er orkutap á sér stað, enda virðist eðlilegra að ráðstafanir vegna breytinga á högum sem síðar verða, séu fremur í verkahring almennatrygginga og skattkerfis en tryggingakerfis lífeyrissjóða. Þetta sjónarmið skal sérstaklega áréttað.

Um réttindi þaun sem menn ávinna sér í lífeyrissjóðum gildir sú meginregla, að þau fara eftir þeim iðgjaldafjárhæðum sem sjóðfélagi greiðir. Réttur til barnalífeyris er hér undantekning, þar sem lífeyririnn er föst fjárhæð og fer að litlu leyti eftir því, hverjar iðgjaldagreiðslur sjóðfélagsans hafa verið.

Með hliðsjón af ofanrituðu leggja Landssamtök lífeyrissjóða því til að umrætt frumvarp verði ekki samþykkt.

Að lokum vilja samtökin taka fram að það er misskilningur sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi því sem hér um ræðir, að einstök bótaákvæði spari lífeyrissjóðum fjármuni. Bótaákvæðin endurspeгла stefnu einstakra sjóða með tilliti til, hvernig þeir kjósa að skipta fjármunum sínum milli einskakra bótategunda innan þeirra marka sem þeim eru sett með ákvæðum laganna um lágmarksréttindi. Dugi fjármunir þeirra fyrir meiru en skuldbindingum, njóta sjóðfélagar þess í formi réttindaaukningar samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

